

Afgreiðslufundur

Ár 2024 þriðjudaginn 27. febrúar, kl. 9:00 var haldinn 1760. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Rósa Magnúsdóttir, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

- Lögð fram umsókn PTC ehf, kt. 611223-1530, dags. 31. desember 2023, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Lóa Restaurant) að Laugavegi 95-99, F2005355, rými 01 0101. Eigendaskipti.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti*.
- Lögð fram umsókn Rollsins ehf., kt. 560920-0670, dags. 10. janúar 2024 um breytingu á starfsleyfi fyrir veitingastað; krá (Skor) að Geirsgötu 2, F2301297 og 2363592. Sótt er um lengdan opnunartíma staðarins eftir úrbætur á hljóðeinangrun.
Samþykkt að lengja opnunartíma staðarins sbr. *Sértæk starfsleyfisskilyrði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir Skor að Geirsgötu 2*, dags. 27. febrúar 2024 ásamt *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Opnunartími staðarins er nú heimilaður til kl. 23:00 sunnudaga til fimmtudaga og til klukkan 01:00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og aðfaranætur frídaga.
Til að lágmarka ónæði í nærliggjandi íbúðabyggð eru eftirfarandi takmarkanir settar á starfsemi staðarins:
 - 60 mínútna jafngildishljóðstig tónlistar í miðrymi skal ekki fara yfir 80 dB(A) og hljóðkerfi skal vera með búnað til að fyrirbyggja hægt sé að spila hærra hljóðstig en leyfilegt er.
 - Opnunartími sérherbergis staðarins er takmarkaður við kl. 00:00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og aðfaranætur frídaga.Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti*.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 12. febrúar 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 25. janúar 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn PTC ehf, kt. 611223-1530, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús (Lóa Restaurant) að Laugavegi 95-99, F2005355, rými 01 0101.
Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti*.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 25. september 2023 vegna bréfs sýslumanns, dags. 20. september 2023, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Annapurna Pure ehf., kt. 541119-2050, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingastofa og greiðasala (Annapurna Asian Spice) að Grandagarði 16, F2000121, rými 103, bás V3.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Starfsleyfi í gildi til 14. júlí 2032.

5. Lögð fram umsókn Metnaðar ehf., kt. 610420-1920, dags. 19. febrúar 2024, um skráningu á sjúkrahjálfun (Golfstöðin) að Álfheimum 74, F2262365, rými 01 0114. Ný starfsemi, leiðrétt bókun frá afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 20. febrúar 2024.

Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur* og *Samræmd starfsskilyrði fyrir sjúkrahjálfun*.

6. Lögð fram umsókn Berserkja ehf., kt. 590902-2920, dags. 21. febrúar 2024, um skráningu á niðurrifi á asbesti í húsnæði við Tómasarhaga 49, F2028199, rými 01 0201. Ný starfsemi.

Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur* og *Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.

7. Lögð fram umsókn Snyrtistofu Kristínar ehf., kt. 660310-0100, dags. 20. febrúar 2024, um starfsleyfi fyrir snyrtistofu (Snyrtistofan Krisma) að Spönginni 37, F2256699, rými 05 0205. Endurnýjun starfsleyfis.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi*.

8. Lögð fram umsókn Stjörnueggja hf., kt. 630191-1579, dags. 18. september 2023, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir eldi varpfugla fyrir eggjaframleiðslu í Saltvík, Kjalarnesi, reit C (L125744, mhl. 30).

Samþykkt að fresta afgreiðslu umsóknar þar sem samþykki byggingarfulltrúa liggur ekki fyrir sbr. 6. gr. *reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*.

9. Lögð fram umsókn DTA2 ehf, kt. 570423-1690, dags. 14. febrúar 2024, um leyfi til tóbakssölu (Dinó söluturn) að Grensásvegi 50. Nýtt leyfi.

Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. *laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum*.

10. Lögð fram umsókn Hagkaups, kt. 430698-3549, dags. 21. febrúar 2024, um leyfi til tóbakssölu (Hagkaup Kringlunni) að Kringlunni 4-12. Endurnýjun leyfis.

Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. *laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum*.

11. Lögð fram umsókn Hagkaups, kt. 430698-3549, dags. 21. febrúar 2024, um leyfi til tóbakssölu (Hagkaup Spönginni) að Spönginni 25. Endurnýjun leyfis.

Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. *laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum*.

Fundi slitið 10:43

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Rósa Magnúsdóttir